



**BYGGÐASAFN
REYKJANESBÆJAR**
Local History Museum



Ársskýrsla 2016

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Starfsemin.....	4
Starfsmenn safnsins.....	4
Ráðstefnur, námskeið og fundir.....	4
Rekstur safnsins.....	4
Eftirlitsskýrsla Safnaráðs, niðurstaða.....	4
Önnur verkefni:	5
Sýningar og miðlun.....	5
Gryfjan.....	5
Safnafræðsla.....	6
Þorrinn, Sjómannadagurinn og 17 júní.....	6
Gestafjöldi	6
Fræðslufundir	6
Vefur of útgáfustarf.....	6
Safnkosturinn.....	7
Munasafn.....	7
Myndasafn.....	8
Skjalasafn Reykjanesbæjar og einkaskjalasafn Byggðasafnsins	8

Samantekt

Nokkrir góðir áfangar náðust á árinu 2016. Þrjár sýningar voru opnaðar í Gryfjunni á árinu og leggja þær grunninn að skammtímasýningum safnsins í Duus safnahúsum. Þá hófst ljósmyndun muna í munasafni og er það mjög mikilvægt skref í þá áttina að gera safnið aðgengilegt almenningi. Samið var við Þjóðskjalasafn Íslands um afhendingu bæjarskjala og var send ein stór sending þar sem finna mátti fundargerðir bæjarstjórna Keflavíkur og Njarðvíkur og Hafnahrepps.

Starfsemin

Hlutverk safna er að safna, varðveita, skrá, rannsaka, miðla, veita almenningi aðgang að safnkostinum og vekja athygli á honum. Hlutverk byggðasafna er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins.

Starfsmenn safnsins

Starfsmenn safnsins á árinu voru sem hér segir: Fastráðnir starfsmenn: Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðumaður og Haraldur Haraldsson, safnvörður bæði í 100% starfi. Hulda Björk Þorkeldsdóttir kom inn sem verktaki en aðalverkefni hennar var að undirbúa og sjá um skjöl til skjalaskila til Þjóðskjalasafns. Enginn sumarstarfsmaður var en hins vegar var samningar gerðir við Virk/Samvinnu þar sem þrjú starfsmenn komu og unnu þeir allir við ljósmyndasafnið.

Ráðstefnur, námskeið og fundir.

Sóttur var árlegur fundur þjóðminjavarðar á vordögum, farskóli safnmanna sem að þessu sinni var í Reykjanesbæ og aðrir minni fundir og ráðstefnur. Forstöðumaður sat fundi í skráningarráði Sarps og minjaráði Reykjanes. Þá sótti forstöðumaður ráðstefnu í Helsinki um þróun safna í stafrænum heimi.

Rekstur safnsins

Ársvelta safnsins 2016 var kr 46.053.157.

Tekjur

Safnasjóður 1.800.000.

Menningarsjóður sveitarfélaga á Suðurnesjum, 850.000, flutt frá 2015

smt alls sértækir safnastyrkir 2.650.000

Húsaleiga v Vatnsness 276.000.

Aðrar tekjur: 194.200

smt alls almennur rekstur: 470.200

Styrkir og tekjur smt alls: 3.120.200

Framlag bæjarins var: 42.932.957.

Skipting útgjalda:

Laun og launatengd gjöld: 15.276.476.

Húsnæðiskostnaður: 24.762.402

Sértækur rekstur safns: sýningar 1.824.631, önnur verkefni: 2.157.488, smt alls, 3.982.119

Almennur rekstur, 2.032.160

Eftirlitsskýrsla Safnaráðs, niðurstaða.

Á haustmánuðum var skilað inn eftirlitsskýrslu til Safnaráðs samkvæmt beiðni þar um. Þetta reyndist mikil vinna en að mörgu leyti upplýsandi fyrir okkur. Bæði til að sjá hvar við vorum sterk og hvar vantaði upp á. Niðurstöður Safnaráðs liggja ekki fyrir. Helstu niðurstöður okkar

voru að staða mála í geymslunni í Ramma er yfirleitt mjög gott. Þó vantar upp á umbúðir sérstaklega í ljósmyndasafni og textíleild, þá þarf nokkrar sérhæfðari lausnir varðandi þökkun og eitthvað af yfirbreiðslum. Halldóra Ásgeirsdóttir forvörður hefur veitt faglega ráðgjöf varðandi fyrirbyggjandi forvörslu og bent okkur á ýmsar leiðir til úrbóta. Áfram var unnið við gerð gæðahandbókar fyrir safnið, frumdrög eru komin en eftir er að fullvinna efnið og tengja við stefnumótun safnsins sem mikilvægt er að ljúki árið 2017.

Staða mála í sýningarými safnsins er því miður ekki eins gott. Húsið Innri-Njarðvík er í þokkalegu ástandi en gripir sem þar eru hafa látið á sjá og þyrfti að gera átak í að koma ástandinu í betra lag. Stekkjarkot er ekki í góðu ástandi en afar erfitt hefur reynst að fá reglubundið faglegt viðhald. Mikilvægt er að málefni þessara tveggja húsa verði sett á dagskrá bæjaryfirvalda hið fyrsta. Sýningar í Duus safnahúsum eru í betra ástandi, en ljóst er að gripir í bátasal eru farnir að láta á sjá. Skammtímasýningar í Gryfjunni hafa heppnast mjög vel og er búnaður um gripi í góðu lagi. Miðloft Bryggjuhúss er fallegur sýningasalur en of mikil dagsbirta veldur áhyggjum.

Önnur verkefni:

Áfram var haldið við að koma safnkostinum vel fyrir í Ramma, bætt var í hillukerfið og endurraðað að hluta. Aðstoðað var við önnur verkefni í húsinu, eins og við frágang bókhaldsskjala, tiltektir í bæjargeymslunni þar sem m.a. hafa verið húsgögn til endurnýtingar og ýmislegt sem er misjafnlega fallið til þess. Síðastliðið sumar sá starfsmaður safnsins um að fylla 3 gáma af slíku dóti sem ekki var endurnýtanlegt og því sent í sorpeyðingarstöðina. Aðstoðað var við veitt við sýningar Listasafns Reykjanesbæjar, ráðgjöf vegna Jamestown sýningar Bókasafnsins. Sótt var um styrk vegna verkefnisins Verndarsvæði í byggð í samvinnu Stjórnarsýslu- og umhverfissviðs. Að venju var Vatnsneshúsið leigt út til listamanna og handverksfólks. Á árinu 2016 leigðu aðstöðu í húsinu, Vera Ósk Steinsen, Ólafur Ingi Brandsson og Ljósop, félag áhugaljósmyndara í Reykjanesbæ.

Sýningar og miðlun

Gryfjan

Settar voru upp 3 sýningar á vegum safnsins í sýningarsalnum. Fyrsta sýningin, *Herstöðin sem kom og fór*, var opnuð 6. febrúar í tilefni þess að 10 ár voru liðin á árinu frá brotthvarfi varnarliðsins. Samvinna var við Víkurfréttir um myndefni bæði ljósmyndir og hreyfimyndir. Texti var bæði á íslensku og ensku.

Þann 4. júní var opnuð sumarsýning safnsins: *Sögur úr bænum, stiklað á smáu í sögu bæjarins*. Þar var áhersla lögð á að kynna bæinn almennt og einnig að draga fram áhugaverð sögubrot úr bæjarlífinu. Texti var bæði á íslensku og ensku, einnig var gefin út samnefnd sýningaskrá sem var ókeypis fyrir gesti.

Þann 11. nóvember var svo síðasta sýningin opnuð. Heiti hennar: var, *Heimilið*, þar sem dregið var fram ýmis sögubrot heimila á 50 ára tímabili frá 1930-1980. Textar voru bæði á íslensku og ensku.

Þessar sýningar allar voru unnar með það að markmiði að búa til skipulag sem hægt væri að nota við skammtímasýningar safnsins. Þannig að hægt sé að setja upp nýjar sýningar 2-3 á ári, án mikillar vinnu eða fjárútláta.

Sýning safnsins í Víkingaheimum var endurnýjuð, prentuð ný spjöld og textar endurbættir.

Safnafræðsla

Kynningarbréf voru send til leikskóla Reykjanesbæjar í janúar og nóvember þar sem kynnt var þjónusta vegna þorrans í Stekkjarkoti og í nóvember jólahald í Bryggjuhúsi.

Í Bryggjuhúsi var boðið upp á almenna kynningu og um jólin voru hinir gömlu jólasveinar kynntir ásamt þeim sögulega veruleika sem þeir tengjast. Jafnframt var áhersla lögð á að kynna Bryggjuhúsið.

Í Duus safnahús, árið 2016, komu 2.690 nemendur Í skipulagða fræðsludagskrá komu, frá leikskólum komu 1.338 börn og frá grunnskólum 1.132 og framhaldsskólanemendur 220 Þrír leikskólar fengu afnot af Stekkjarkoti

Þorrinn, Sjómannadagurinn, 17 júní og Ljósanótt

Þorakistur með munum og texta um mat og matargerð til forna voru lánaðar til 4 eikskóla Reykjanesbæjar. Tekið var þátt í dagskrá á sjómannadag í Duushúsum og veitt aðstoð vegna fjallkonunnar við hátíðardagskrá á 17. júní. Á Ljósanótt var bæjarbúum og gestum boðið í bío að sjá *Lífið í bænum* sem var skipulagt af Viðari Oddgeirssyni að vanda í samvinnu við Sambíóin og áhugasömum var boðið í sögugöngu undir leiðsögn Rannveigar Garðarsdóttur.

Gestafjöldi

Tekið var á mót 13 hópum innlendra gesta á árinu. Samanlagður gestafjöldi þeirra var 241. 26 erlendir hópar komu í heimsókn í Duus Safnahús á liðnu ári með samtals 671 gestum. Innlendir gestir á eigin vegum voru 12.454, þar af voru gestir Ljósanætur um 9.710. Erlendir ferðamenn á eigin vegum voru alls 5.896.

Þann 1. Janúar 2016 var byrjað að rukka inn á safnið. Gjaldið var tvískipt, 1200 kr fyrir eldri borgara, nema og hópa og 1500 kr fyrir almenna gesti.

Erlendir gestir sem greiddu 1200 kr voru 355 og þeir sem greiddu 1500 kr voru 1020.

Íslenskir gestir sem greiddu 1200 kr voru 401 en þeir sem greiddu almennt verð voru 303.

Erlendir borgandi gestir eru því töluvert fleiri en íslenskir borgandi gestir, eða 1375 á mót 704.

Fræðslufundir

Haldnir voru 4 fræðslufundir með Sögufélagi Suðurnesja á árinu, þrír á vormisseri og einn að hausti. Efni fundanna var: Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur flutti erindi um fornleifar á Suðurnesjum, Magnús Óskar Ingvarsson fjallaði um Básendaflóðið og afdrif kaupmannsfjölskyldunnar og Páll Baldvin Baldvinsson kynnti bók sína um Stríðsárin á Íslandi. Á haustfundinum rifjaði Tómas Knútsson upp bernsku sína á Keflavíkurflugvelli og sýndi myndir.

Vefur of útgáfustarf.

Ný vefsíða safnsins fór í loftið í byrjun febrúar þar er að finna öll grunnskjöl safnsins og tilvísanir í nánara efni. 14 fréttir voru birtar auk færslna á facebooksíðu safnsins. Gefin var út fornleifaskrá Reykjanesbæjar og húskönnun í bæjarlandinu, þá var sýningaskrá með sumarsýningunni var gefin út.

Safnkosturinn

Munasafn

Heildarfjöldi færslna í safnskrá við áramót var 14.035 og er það fjölgun um 335 frá síðustu áramótum. Nýskráningar í munasafn ByR voru 280 færslur, úr fórum safnsins 62 færslur.

Þeir sem gáfu eða afhentu gripum til safnsins árið 2016 voru:

Árnína Sigmundsdóttir ýmsa hluti aðallega úr eigu Einars Ingimundarsonar, 20 gripir.
Ásbjörn Eggertsson, heimilishlutir og gripir sem tengjast varnarliðinu, 4 gripir.
Bókasafn Reykjanesbæjar, tæki, 1 gripur.
Dröfn Björnsdóttir, merki, 1 gripur.
Félagið Freyjarnar, félagshlutir, 6 gripir.
Guðlaug Jóhannsdóttir, hárgreiðslustofur, 1 gripur.
Guðrún Jónsdóttir, heimilishlutir, 1 gripur.
Haraldur Haraldsson, persónuhlutir, 1 gripur.
Holtaskóli, húsgögn, 1 gripur.
Hulda Sveinsdóttir, ýmsir gripir, 11 gripir.
Iðnsveinafélag Suðurnesja, félagshlutir, 21 gripir.
Ingibjörg Rut, Ásdís Guðrún og Anna Steina Þorsteinsdætur, ýmsa hluti úr eigu Þorsteins Þórðarsonar, 9 gripir.
Karvel Gränz, aðallega félagshlutir frá Áka Gränz, 10 gripir.
Kristín Guðnadóttir, teikning, 1 gripur.
Lionsklúbbur Njarðvíkur, félagshlutir, 1 gripur.
Margrét Einarsdóttir ýmsa hluti úr eigu Ásmundar Corneliusar, 3 gripir.
Nína Rut Einarsdóttir, heimilishlutir, 1 gripur.
Ólafur og Guðni Birgissynir, sjávarútvegur, 1 gripur.
Páll Ketilsson, leikföng og heimilishlutir, 23 gripir.
Ragnar Eðvaldsson, sjávarútvegur, 1 gripur.
Reykjanesbær, félagshlutir 5 gripir.
Sigrún Ásta Jónsdóttir, merki 2 gripir.
Sigrún Einarsdóttir, barnaföt, 2 gripir.
Sigurbjörg Guttormsdóttir, barnaföt, 14 gripir.
Soffía, Sigurbjörg, Sigríður, Alma og Elva Guttormsdætur, handavinna ofl úr eigu Hrefnu Einarsdóttur, 94 gripir.
Tómas Knútsson, heimilishlutir, 2 gripir
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, húsgögn, 1 gripur
Ösp, Sóley, Björk og Börkur Birgisbörn og Harpa Þorvaldsdóttir, ýmsir gripir úr eigu Birgis Guðnasonar, 13 gripir.

Munasafnið er að fullu skráð, þannig að hver einasti gripur er með sitt safnnúmer. Markmið safnsins er að öll safnnúmer séu með staðsetningu í staðsetningakerfi safnsins. Í árslok 2016 voru 12.177 númer með skráða staðsetningusem er rétt rúmelga 86% en 1.918 númer sem eru tæp 14% voru ekki með staðsetningu. Þá voru 1853 númer skráð á sýningum safnsins,

123 númer voru í langtímaútláni eða alls um 14% en 10.557 númer eru skráð í Ramma sem er um 75% safnkostsins.

Hafist var handa við að taka ljósmyndir af safnkostinum, samið var við Oddgeir Karlsson ljósmyndara um að taka verkið að sér. Hann hóf störf í byrjun október en styrkur fékkst úr Safnasjóði í þetta verkefni. Í árslok hafði hann tekið myndir af 2.340 gripum. Allar þessar myndir hafa verið tengdar við sínar færslur í Sarpi og má nú sjá afraksturinn á sarpur.is.

Myndasafn.

Myndasafninu er skipt í þrjú megin söfn, almennt safn ljósmynda MYR, filmusafn Heimis Stígssonar, ljósmyndara, FHS og hreyfimyndasafn Viðar Oddgeirssonar, HVO.

Töluvert var um fyrirspurnir og myndabeiðnir úr söfnunum.

Í almenna safninu voru við áramót skráðar 41.726 myndir. Haldið var áfram við skönnun mynda og um áramót var búið að skanna inn 16.250 myndir. 10.062 myndir verið settar í sýrufrí umslög. Mikil vinna er eftir við að umbúðavæða og skipuleggja safnið.

Í filmusafni Heimis Stígssonar eru skráðar 47.163 tölur en safnið er ekki fullskráð og má búast við að númer í safninu séu í kringum 100.000. Brýnt er að hefja umbúðavæðingu safnsins og að skanna inn fleir valdar myndir. Nú hafa 1.716 tölunúmer úr safninu verið skönnuð. Á árinu 2016 var ekkert skannað inn úr filmusafni Heimis.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er þríþætt; almennar fréttamyndir frá RÚV af svæðinu, þá íþróttafréttir og síðan hefur Viðar yfirfært gamlar myndir frá svæðinu. Nú eru rúmlega fimm þúsund spólur í safninu. Viðar heldur sjálfur utan um skráningu og alla þjónustu úr safninu. Enda hefur safnið ekki yfir þeim tækjakosti að ráða sem til þyrfti. Á árinu var haldið áfram við að yfirfæra U-Matic spólur á stafrænt form. Keyptur var viðbóta flakkarar í samráði við Tölvudeild Reykjanesbæjar til að auðvelda flutning efnis. Mikilvægt er að þeirri vinnu ljúki sem fyrst á meðan tæki sem þarf að nota til afspilunar eru enn til í landinu en þessi tækni er löngu aflögð og því er engin viðgerðarþjónusta eða nýframleiðsla á slíkum tækjum í heiminum.

Gjafir til myndasafnsins. Mikið safn úr fórum Áka Gränz barst safninu, bæði ljósmyndir og hreyfimyndir. Garðar Magnússon gaf safninu nokkrar spólur af hreyfimyndum.

Mikil vinna fór í að þróa stafrænan myndabanka safnsins, fotostation.

Skjalasafn Reykjanesbæjar og einkaskjalasafn Byggðasafnsins

Lokið er að mestu að senda skjöl í skjalaskil samkvæmt lögum þar um til Þjóðskjalasafns Íslands. Einngi voru sendar „logg-bækur“ frá Slökkviliði og snjóruðningsdeild Keflavíkurflugvallar í samráði við starfsmann Þjóðskjalasafns, Árna Jóhannesson.

Einkaskjölín hafa öll verið sett í skjalaöskjur, grófflokkuð og búnir til listar yfir hvað væri í safninu. Farið hefur verið yfir tímaritaeign safnsins.

Tekið var á móti skjölum m.a. frá lðnsveinafélagi Suðurnesja, Birgi Guðnasyni og Áka Gränz.

Reykjanesbæ 9. mars 2017

Sigrún Ásta Jónsdóttir